

Beiðni útgerðar um sendingu tilkynninga um umframaflastöðu í tölvupósti

Nafn útgerðar: _____, kt. _____, óskar eftir því að tilkynningar Fiskistofu til útgerðar og skipstjóra um umframaflastöðu skipa sem útgerðin gerir út séu sendar á eftirfarandi netfang:

Netfang: _____

Útgerð lýsir því hér með yfir að með sendingu tölvupósts á ofangreint netfang hafi Fiskistofa uppfyllt lagaskyldu um tilkynningu um umframaflastöðu fiskiskipa útgerðarinnar gagnvart bæði útgerð og skipstjóra sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1996 með síðari breytingum.

Útgerð skips skal skrá netfang sitt hjá Fiskistofu til að eiga rétt á tilkynningum þegar skip hefur veitt umfram aflaheimildir, sbr. 14. gr. laga nr. 57/1996. Fiskistofa mælist til þess að valið sé netfang sem útgerð og skipstjórar hennar hafi aðgang að (*dæmi: umframafli@xxx.is*).

Útgerð og skipstjóra fiskiskips er eftir sem áður skylt að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla.

Útgerð ber ábyrgð á því að netfang sem Fiskistofu er gefið upp sé rétt skráð. Verði breyting á netfangi er það á ábyrgð útgerðar að uppfærðar upplýsingar berist Fiskistofu.

Dagsetning. _____

Undirskrift útgerðaraðila (ef um er að ræða lögaðila þá undirskrift framkvæmdastjóra f.h. útgerðar ásamt kennitölu).

Undirritaða umsókn skal senda á netfangið: fiskistofa@fiskistofa.is